

Nd.

542. Tillaga

til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina, að hún láti fram fara endurskoðun á alþýðufræðslulöggjöf landsins.

Frá menntamálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún láti fram fara endurskoðun á löggjöf landsins um alþýðufræðslu og leggi fyrir næsta þing frumvarp um það efni, er miði að því:

1. Að koma á heilsteypara skipulagi og samræmi um starfsháttu og samvinnu hinna ýmsu skólastofnana, svo að þær verði hver um sig sem eðlilegastur liður í heildarstarfseminni.
2. Að takmarka tilkostnað við fræðslustarfsemina, eftir því sem kostur er, án þess að það rýri gildi hennar eða árangur, meðal annars með því
 - a. Að sniða fyrirkomulagið, meira en nú er, eftir staðháttum og aðstöðu á hverjum stað.
 - b. Að hagnýta betur starfskrafta prestastéttarinnar í þágu alþýðufræðslunnar.
 - c. Að stytta eða færa til skólaskyldualdurinn, takmarka námsgreinafjölda og auka eftirlitsfræðslu frá því, sem verið hefir.
3. Að meiri stund sé lögð á hagnýt námsefni og heilsurækt, einkum við barnafræðslu, en verið hefir.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefir verið unnið að því að auka alþýðufræðsluna í landinu og skilningur manna á nauðsyn hennar aukist mjög. Hefir þetta haft í för með sér aukin útgjöld, með ári hverju svo að segja, til þessarar starfsemi, og sjáanlegt er, að ennþá hlýtur þar að aukast mjög á, ef einskis skipulags er gætt, er kröfunum verður framfylgt á næstu árum. Og flestum mun þó vera farið að vaxa í augum hin stórkostlega auknu útgjöld til þessarar starfsemi, þegar horið er saman við þann árangur til bóta, sem enn er sjáanlegur, þótt ekki sé því á móti mælt, að hann sé nokkur. Eru flutningsmenn þessarar til lögu sannfærðir um það, að hér veldur eigi litlu, að umbæturnar hafa eigi verið svo skipulagðar og samræmdar sem þurft hefði, heldur sífellt bætt við án nægilegs tillits til undirstöðunnar og mismunandi aðstöðu til slíkrar starfsemi í landinu. Hefir að mestu verið fylgt erlendum fyrirmyndum frá löndum þéttbýlli miklu og með ólíkri aðstöðu. Má telja nokkurnveginn víst, að með hagkvæmara fyrirkomulagi megi ná því tvennu, að draga úr útgjöldum, eða a. m. k. koma í veg fyrir, að þau aukist mjög, og að tryggja betri árangur fræðslunnar, ef rétt er á haldið. Virðist varla horfandi í þann litla kostnað, sem þetta hefði í för með sér, við undirbúning málsins, þegar annarsvegur er svo mikilvægt menningar- og fjárhagsmál.